

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Reykjahlíðarhverfis í Skútustaðahreppi nr. 118 5. maí 1969, sbr. reglugerð nr. 223 10. ágúst 1972.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Hver sá, sem fær tengda heimæð frá aðalveitu, skal greiða í eitt skipti stofngjald kr. 21 000.00 sé um íbúðarhúsnæði að ræða. Um stofngjald fyrir húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar, s. s. veitingahús, verslanir og iðnfyrirtæki, skal sveitarstjórn gera sérsamning hverju sinni. Stofngjald skal greiða í síðasta lagi þegar tenging fer fram.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á veitusvæðinu, sem vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal árlega greiða vatnsskatt, er nemi 0,8% fasteignamats húseignarinnar, auk þess sem húseigandi skal árlega greiða fastagjald kr. 1 400.00 af hverri húseign.

Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega í fastagjald kr. 1 400.00 af hverri íbúð.

3. gr.

9. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts og fastagjalds samkvæmt 8. gr. skal árlega greiða auka-vatnsskatt vegna fyrirtækja og atvinnurekstrar s. s. veitingahúsa, verslana, iðnfyrirtækja og þvottastöðva fyrir bifreiðar. Aukavatnsskattur skal vera kr. 4.00 af rúmmetra Ef vatnið er ekki mælt, skal áætla notkunina.

4. gr.

10. gr. reglugerðarinnar falli niður.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 223 10. ágúst 1972 um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Reykjahlíðarhverfis í Skútustaðahreppi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akraness.

Almennur vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.308% af gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð.

Íbúðarhús	minnst 8.12 kr. /m ³
Iðnaðarhús	— 1.96 —
Vörugeymslur	— 1.96 —
Allt annað húsnæði	— 8.12 —

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1970 og breytast í samræmi við það.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr., skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.94 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir önnur vatn:not en þau, er að framan eru talin skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn skal vera kr. 56.00 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiaðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 10.50 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 7.00 af því, sem þar fer yfir.